

5. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugjörð þessari.

48
15. apríl

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66, 14. nóv. 1917, sbr. 155. gr. vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1925, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Akraneskaupþúni.

49
20. apríl

1. gr.

Alt hundahald í Akraneskaupþúni er bannað að öðru leyti en 2. gr. heimilar

2. gr.

Á grasbýlunum Jaðri og Presthúsum skal heimilt að hafa sinn hundinn á hvorum stað.

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1925.

49 Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps hefir samið og
 20. apríl samþykkt, staðfestist hjemeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til
 eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

50
 21. apríl

SAMÞYKT

um

samgirðingu fyrir vesturhluta Áshrepps, sunnan Kornsár og utan
 Saurbæjar.

Hreppsnefndin í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu hefir samkvæmt girðingalögum frá 22. nóvember 1913 gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu fyrir jarðirnar Undirfell, Snæringstaði, Brúsastaði og Ás.

1. gr.

Girða skal frá norðurhorni Berjahvammis út og vestur að Skínanda, þaðan upp undir Svartagilsendann nyrðri, og svo beina línu, sem næst Kornsá, suður að merkjum milli Áss og Saurbæjar, og þaðan sem næst merkjum milli Saurbæjar og Áss niður í Vatnsdalsá.

Girðing þessi skal vera 5 þætt gaddavírsgirðing eða net, og að öðru leyti eins fullkomin og Búnaðarfelag Íslands telur nægilegt.

2. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, vöxtum og afborgunum af láni því, er til girðingarinnar verður tekið, skal jafnað niður á alla þá, er fasteign eiga á svæðinu og lausafje tíunda, þannig: að helmingur árlegrar greiðslu skal greiðast af landeigendum á svæðinu eftir fasteignamati á landi hvernar jarðar, í rjettum hlutföllum við matsverð jarðanna. Hinn helmingurinn skal greiðast af þeim, er fje og hross tíunda á áðurnefndu fjelagssvæði, þannig: að 1 hross 1 vetra og eldra skal teljast á móti 5 kindum 1 vetra og eldri.

Gjöld þessi má taka lögtaki.